

Starfsreglur fyrir hæfileikanefnd KSÍ

1. gr.

Hæfileikanefnd KSÍ er skipuð og starfar samkvæmt ákvæði 29.greinar laga KSÍ og er ætlað að skipuleggja í samráði við landsliðsnefndir hæfileikamótun yngri leikmanna. Nefndin skal skipuð a.m.k. 5 mönnum, sem stjórn KSÍ tilnefnir. Formaður nefndarinnar skal sitja í stjórn KSÍ en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

2. gr.

Hæfileikanefnd skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður nefndarinnar boðar til funda og stýrir þeim. Starfsmaður nefndar annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hann sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra KSÍ. Erindi til nefndarinnar skal vera skriflegt og það sent til starfsmanns hennar á skrifstofu KSÍ sem tekur það til afgreiðslu

3. gr.

Hæfileikanefnd er ætlað að hafa umsjón með Knattspyrnskóla KSÍ, Markvarðaskóla KSÍ og árlegum Úrtaksmótum KSÍ auk þess að hafa yfirumsjón með Landshlutaverkefni KSÍ – Trúnaðarmönnum landshluta og Afreksskóla KSÍ. Nefndin skipuleggur þessi verkefni annars vegar í samráði við landsliðsnefndir og grasrótarfulltrúa KSÍ (Knattspyrnskóli, Markvarðaskóli og árleg Úrtaksmót) og hins vegar í samráði við umsjónarmann Landshlutaverkefnis. Nefndinni er jafnframt ætlað að tryggja að landsliðsnefndir og landsliðsþjálfarar fái aðgang að þeim upplýsingum er safnað er saman í Landshlutaverkefni KSÍ.

4. gr.

Helstu verkefni hæfileikanefndar eru eftirfarandi:

- Að annast undirbúning og eftirlit með Knattspyrnskóla KSÍ
- Að annast undirbúning og eftirlit með Markvarðaskóla KSÍ
- Að annast undirbúning og eftirlit með árlegum Úrtaksmótum KSÍ
- Að hafa yfirumsjón með Afreksskóla KSÍ sem skipulagður verður haustið 2012. (Afreksskóli fyrir leikmenn á aldrinum 17-19 ára)
- Að hafa yfirumsjón með Landshlutaverkefni KSÍ í samráði við umsjónarmann.
- Að hafa samskipti við starfsmenn KSÍ vegna ofangreindra verkefna.

5. gr.

Hæfileikanefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn KSÍ kann að fela þeim á hverjum tíma.

6.gr.

Stjórn KSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

7.gr.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt af stjórn KSÍ 12. apríl 2012